

**Ed.**

## **420. Nefndarálit**

um frv. til laga um iðnskóla í sveit.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá, en ég tel, að málið eigi að samþykkja og gera að lögum, þó með nokkrum breytingum.

Það skal að vísu viðurkennt, að millipinganefnd í skólamálu, sem skipuð var eftir þingsályktun frá 1941 og frá hafa komið mörg lagafrumvörp, hefur ekki enn gert tillögur um iðnfræðsluna, og því gat komið til mála að fresta öllum breytingum á lögum og nýmæli í lögum um iðnfræðslu, þar til tillögur hennar lágu fyrir. Ég lagði þetta þá líka til, er frumvarp um breyting á lögum um iðnfræðslu lá fyrir deildinni, en þá þótti meiri hluta deildarinnar ekki ástæða til að biða eftir tillögum hennar, og enn minni ástæðu tel ég til að biða eftir tillögum hennar í þessu máli.

Það vita allir, sem til þekkja í sveitum landsins, að þar þarf að endurbyggja fjölda íbúðarhúsa á næstu árum. Auk þess er atvinnurekstur bænda víða að breytast úr sauðfjárbúum í kúabú, og af því leiðir, að mjög víða er aðkallandi að breyta skipun útihúsa í samræmi við breytta búskaparhætti. Af þessu hvoru tveggja leiðir, að það er mikil þörf manna, er geti staðið fyrir slíkum byggingum, en eins og kunnugt er, eru fáir iðnlærðir menn í sveit, er staðið geta fyrir slíkum byggingum. Úr þessu þarf að bæta, og það verður ekki gert á annan heppilegri hátt en þann að stofna iðnskóla í sveit, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt, en tel hins vegar, að gera þurfi á því smábreytingar, sem ég tel þó ekki ástæðu til að leggja fram fyrir en sýnt verður, hvort dagskrá meiri hlutans verður samþykkt eða felld.

Alþingi, 18. febr. 1947.

Páll Zóphóníasson.